

Fjallskilaseðill á Skarðsströnd 2024

Fjallskil á Skarðsströnd haustið 2024 skulu vera sem hér segir:

Fyrsta leit laugardaginn 14. september, réttarhald sunnudaginn 15. september kl 11:00

Önnur leit laugardaginn 28 september.

Skilarétt 29 september kl 14:00

Hamli veður leit skal leita næsta færa dag.

Leitarstjórar skulu vera:

Landamerki Saurbæjar og Skarðsstrandar að Tindagili: Guðmundur K. Gíslason.

Tindagil að Hrískinnaskotti: Rúnar Hermannsson

Hrískinnaskott að Klofningi: Þórður Baldursson

Dagsverk er metið á krónur 11.312 og eru 28 kindur í dagsverki.

Öllum jarðeigendum eða umráðamönnum jarða er skylt að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnu fé til réttar áður en réttarhald hefst.

Verði smölunarskyldu þessari ekki sinnt, getur sveitarstjórn látið smala landið á kostnað eigenda sbr. 39. gr laga nr 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil og fleira. Vanti leitarmenn er leitarstjóra heimilt að ráða menn á kostnað hlutaðeigenda.

Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Gjalddagi fjallskilagjalda er 1. október og eindagi 31. október.

Ytri-Fagradal, 19 ágúst. 2024.